FYLGIRIT VEGNA KAFLA 5

# STJÓRNSKIPULAG OG STJÓRNSÝSLA HÁSKÓLA ÍSLANDS

HÁSKÓLI ÍSLANDS
2018

# Fylgirit vegna kafla 5

- Námsbrautir Háskóla Íslands skv. X. kafla reglna nr. 569/2009 og upplýsingum frá rekstrarstjórum fræðasviða vor 2017
- Könnun meðal deildarforseta, formanna námsbrauta og greinarformanna
- Viðbótarspurningar við starfsumhverfiskönnun lögð fyrir haustið 2016
- Spurningar lagðar fyrir rekstrarstjóra (verkefnisstjóra VoN) fræðasviða vorið 2017
- Spurningar til forseta fræðasviða vegna úttektar á stjórnun og skipulagi Háskólans
- Viðtalsvísir/spurningar til rýnihópa innan skrifstofa fræðasviða
- Fjöldi fræðasviða og deilda valinna háskóla á öðrum Norðurlöndum
- Fjöldi námsleiða meðal valinna háskóla á öðrum Norðurlöndum

**Námsbrautir Háskóla Íslands skv. X. kafla reglna nr. 569/2009 og upplýsingum frá rekstrarstjórum fræðasviða vor 2017**

| | Svið | Nafn deildar | Nafn námsbrautar |
|---|---|---|---|
| 1 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í félagsfræði |
| 2 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í fötlunarfræði |
| 3 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í mannfræði |
| 4 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í náms- og starfsráðgjöf |
| 5 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í upplýsingafræði |
| 6 | FVS | Félags- og mannavísndadeild | Námsbraut í þjóðfræði og safnafræði |
| 7 | HVS | Hjúkrunarfræðideild | Námsbraut í ljósmóðurfræði |
| 8 | HVS | Læknadeild | Námsbraut í geislafræði |
| 9 | HVS | Læknadeild | Námsbraut í lífeindafræði |
| 10 | HVS | Læknadeild | Námsbraut í sjúkraþjálfun |
| 11 | HVS | Tannlæknadeild | Námsbraut í tannsmíði |
| 12 | HUG | Íslensku- og menningardeild | Námsbraut í íslensku |
| 13 | HUG | Íslensku- og menningardeild | Námsbraut í íslensku sem annað mál |
| 14 | HUG | Íslensku- og menningardeild | Námsbraut í menningargreinum |
| 15 | HUG | Mála- og menningardeild | Námsbraut í asískum fræðum og rússnesku |
| 16 | HUG | Mála- og menningardeild | Námsbraut í ensku |
| 17 | HUG | Mála- og menningardeild | Námsbraut í rómönskum og klassískum málum |
| 18 | HUG | Mála- og menningardeild | Námsbraut þýsku og norðurlandamála |
| 19 | HUG | Sagnfræði- og heimspekideild | Námsbraut í fornleifafræði |
| 20 | HUG | Sagnfræði- og heimspekideild | Námsbraut í heimspeki |
| 21 | HUG | Sagnfræði- og heimspekideild | Námsbraut í sagnfræði og hagnýtri menningarmiðlun |
| 22 | MVS | Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild | Námsbraut í íþrótta- og heilsufræði |
| 23 | MVS | Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild | Námsbraut í tómstunda- og félagsmálafræði |
| 24 | MVS | Íþrótta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild | Námsbraut í þroskaþjálfafræði |
| 25 | MVS | Kennaradeild | Námsbraut í grunnskólakennarafræði |
| 26 | MVS | Kennaradeild | Námsbraut í kennslufræði framhaldsskóla og háskóla |
| 27 | MVS | Kennaradeild | Námsbraut í leikskólakennarafræði |
| 28 | MVS | Uppeldis- og menntunarfræðideild | Námsbraut í menntastjórnun og matsfræði, |
| 29 | MVS | Uppeldis- og menntunarfræðideild | Námsbraut í menntunarfræði og margbreytileika |
| 30 | MVS | Uppeldis- og menntunarfræðideild | Námsbraut í sálfræði í uppeldis- og menntavísindum |
| 31 | VoN | Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðidei | Námsbraut í iðnaðarverkfræði |
| 32 | VoN | Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðidei | Námsbraut í tölvunarfræði |
| 33 | VoN | Iðnaðarverkfræði, vélaverkfræði og tölvunarfræðidei | Námsbraut í vélaverkfræði |
| 34 | VoN | Jarðvísindadeild | Námsbraut í jarðfræði |
| 35 | VoN | Líf- og umhverfisvísindadeild | Námsbraut í land- og ferðamálafræði |
| 36 | VoN | Líf- og umhverfisvísindadeild | Námsbraut í lífefna-og sameindalíffræði |
| 37 | VoN | Líf- og umhverfisvísindadeild | Námsbraut í líffræði |
| 38 | VoN | Raunvísindadeild | Námsbraut í eðlisfræði |
| 39 | VoN | Raunvísindadeild | Námsbraut í efnafræði |
| 40 | VoN | Raunvísindadeild | Námsbraut í stærðfræði |

**Könnun meðal deildarforseta, formanna námsbrauta og greinarformanna**

Könnunin fór fram vorið 2017 með rafrænum hætti. Áður höfðu spurningalistar verið forprófaðir en þeir voru tveir:

- Sá fyrri sneri að stjórnun og skipulagi deilda og eininga þeirra, stjórnarháttum, helstu viðfangsefnum stjórnenda og verkaskiptingu eininga.
- Seinni hlutinn var nafnlaus viðhorfakönnun meðal þessara stjórnenda um stjórnunarálag, kosti og galla núverandi skipulags deilda og um stoðþjónustu og stjórnsýslu fræðasviða.

Þátttaka í þessum könnunum var eftirfarandi:

- Deildarforsetar: 24 af 25 (2017 voru deildir 25)
- Formenn námsbrauta: 32 af 40 (33 í seinni hlutanum)
- Formenn námsgreina: 23 af 29

*Kynningarbréf til deildarforseta (sambærilegt bréf til formanna námsbrauta og formanna námsgreina)*

Að frumkvæði rektors Háskóla Íslands er nú unnið að úttekt á stjórnsýslu og skipulagi skólans. Tilgangurinn er að meta hvernig bæta megi innviði skólans þannig að hann geti enn betur en áður gegnt hlutverki sínu sem alþjóðlegur rannsóknaháskóli og menntastofnun. Meðal annars verður reynt að greina styrkleika og veikleika núverandi skipulags og þá sérstaklega með hliðsjón af breytingum á stjórnskipulagi skólans 2008.

Hluti af þessu verkefni er að afla upplýsinga um núverandi stjórnun og skipulag deilda. Af þessu tilefni viljum við vinsamlega biðja þig að fylla út meðfylgjandi spurningalista (sjá viðhengi) og senda á netfangið magnum@hi.is. Spurt er m.a. um deildarfundi, deildarráð (ef það er starfandi), námsbrautir (ef þær eru starfandi), kennarafundi, fastanefndir deildar og ákvarðanatöku innan deildar. Einnig er spurt um verkefni deildarforseta og samstarfsaðila.

Einnig fylgir meðfylgjandi hlekkur á nokkrar viðhorfaspurningar, m.a. opna spurningu um kosti og galla núverandi skipulags sviða og deilda. Svör við viðhorfaspurningunum eru nafnlaus og að öllu leyti aðskilin frá upplýsingasöfnun um núverandi stjórnun og skipulag deildar. Farið verður með þau sem trúnaðarmál. Athugaðu að þér er ekki skylt að svara einstökum viðhorfaspurningum né spurningalistanum í heild. Mikilvægt er þó að sem flest svör berist svo niðurstöður verði sem áreiðanlegastar. Við biðjum þig um að hafa samband ef eitthvað er óljóst. Gott væri ef við gætum fengið svör innan sjö daga.

Vinsamlega smelltu á eftirfarandi tengil til að taka þátt í viðhorfahlutanum.

Með bestu kveðju og fyrir fram þökk,

Magnús Lyngdal Magnússon, sérfræðingur á rektorsskrifstofu (magnum@hi.is), sími 525-4052

Ómar H. Kristmundsson, prófessor (omarhk@hi.is).

*Spurningalisti fyrir deildarforseta Háskóla Íslands: Upplýsingar um stjórnun og skipulag deilda (sambærilegur listi fyrir formenn námsbrauta og greina)*

1. *Nafn deildar* ________________________
2. *Deildarfundir*
   a. Hversu reglulega eru deildarfundir haldnir?
      i. Einu sinni í viku að jafnaði ☐
      ii. Á u.þ.b. 2-3 vikna fresti ☐
      iii. U.þ.b. mánaðarlega ☐
      iv. Á u.þ.b. tveggja mánaða fresti ☐
      v. U.þ.b. einu sinni á misseri ☐
      vi. Sjaldnar ☐
   b. Hvað eru deildarfundir að jafnaði langir? Ef það er breytilegt, hvað voru síðustu tveir fundir langir? ___________
   c. Hefur farið fram atkvæðagreiðsla um mál á deildarfundi eða í deildarráði (undanskilið er kosning deildarforseta) á yfirstandandi háskólaári og, ef svo er, af hvaða tilefni? ___________
   d. Eru í gildi sérstakar reglur eða viðmið um starfsemi deildarfundar, umfram það sem kveðið er á um í almennum reglum Háskóla Íslands eða sviðsins? ___________
3. *Deildarráð*
   a. Er deildarráð starfandi? ___________
   b. Ef já, hversu reglulega fundar deildarráð? ___________
   c. Ef já, eru í gildi sérstakar reglur eða viðmið um starfsemi deildarráðs umfram það sem kveðið er á um í almennum reglum Háskóla Íslands eða sviðsins? ___________
4. *Kennarafundir*
   a. Eru haldnir sérstakir kennarafundir í deildinni, þ.e.a.s. fundir án setu nemendafulltrúa, þar sem rædd eru málefni deildarinnar? (Hér er ekki átt við fræðslufundi eða námskeið um t.d. kennsluhætti.) ___________
   b. Ef já, hversu reglulega eru slíkir fundir haldnir? ___________
   c. Eru aðrir fundir kennara, svo sem fræðslufundir, haldnir með reglubundnum hætti? ___________
5. *Fastanefndir deildar*
   a. Hvaða fastanefndir utan deildarráðs starfa við deildina (svo sem vísindanefnd, kennslunefnd, námsnefndir, inntökunefnd o.s.frv.)? ___________
   b. Eru í gildi skriflegar reglur eða viðmið um starfsemi þessara nefnda umfram það sem kveðið er á um í almennum reglum Háskóla Íslands eða sviðsins? ___________

6. *Tímabundnir starfshópar*
    a. Hafa verið skipaðir tímabundnir starfshópar á núverandi háskólaári t.d. vegna endurskoðunar einstakra námsleiða, stefnu deildarinnar o.s.frv.? ___________
    b. Ef já, hvaða hópar hafa verið skipaðir? ___________
    c. Ef svo er, eru þeir skipaðir af deildarfundi eða deildarforseta? ___________
7. *Starfsdagar*
    a. Hafa verið haldnir sérstakir starfsdagar á yfirstandandi háskólaári? ___________
    b. Ef já, hver eru helstu viðfangsefni þeirra? ___________
8. *Verkefni deildarforseta*
    a. Hver hafa verið tímafrekustu verkefni þín sem deildarforseti á yfirstandandi háskólaári (svo sem kennsluskrármál, nemendamál, starfsmannamál, fjármál)? ___________
    b. Hver telur þú að hafi verið flóknustu eða erfiðustu verkefni þín sem deildarforseti á yfirstandandi háskólaári? ___________
    c. Hefur þú átt formleg starfsmannasamtöl við kennara deildarinnar á yfirstandandi háskólaári? ___________
9. *Samstarfsaðilar*
    a. Hver er helsti samstarfsmaður þinn í daglegu starfi sem deildarforseti? ___________
    b. *(Ef við á)* Hvernig er í megindráttum háttað verkaskiptingu milli þín og deildarstjóra og annarra starfsmanna stjórnsýslu deildar? ___________
    c. Er varadeildarforseti virkur í stjórnun deildarinnar og, ef já, með hvaða hætti? ___________
    d. *(Ef við á)* Hvernig er háttað verkaskiptingu milli formanna námbrauta og deildarforseta? ___________

*Viðhorfaspurningar*

*(Spurningar 1-4. Gildi: Mjög sammála, frekar sammála, hvorki sammála né ósammála, frekar ósammála, mjög ósammála, vil ekki svara)*

1. Ég tel að verkaskipting milli mín og sviðsforseta sé í meginatriðum skýr. EF "frekar ósammála" eða "mjög ósammála" hvernig má bæta verkaskiptinguna?
2. Ég tel að verkaskipting milli mín og deildarfundar sé í meginatriðum skýr (svo sem um hvað deildarforseti getur tekið ákvörðun um og hvað hann beri að leggja fyrir deildarfund til ákvörðunar) EF "frekar ósammála" eða "mjög ósammála" hvernig má bæta verkaskiptinguna?
3. (EF VIÐ Á) Ég tel að verkaskipting milli mín og deildarstjóra sé í meginatriðum skýr. EF "frekar ósammála" eða "mjög ósammála" hvernig má bæta verkaskiptinguna?
4. Ég tel að kennsluafsláttur vegna vinnu minnar sem deildarforseti sé að mestu í samræmi við vinnuumfang.
5. Hverjir eru kostir og gallar núverandi skipulags deildarinnar?
6. Hverjir eru kostir og gallar núverandi skipulags fræðasviðsins?

**Viðbótarspurningar við starfsumhverfiskönnun sem lögð var fyrir haustið 2016**

Spurt var annars vegar um viðhorf akademískra starfsmanna til núverandi stjórnskipulags og áhrifa þeirra á stjórnun innan deilda og hins vegar um þjónustu og samstarf við stjórnsýslu, bæði stjórnsýslu fræðasviða og miðlæga.

*Viðhorfakönnun meðal akademískra starfsmanna um núverandi stjórnskipulag*

Þátttaka: Alls 482 akademískir starfsmenn af 750 tóku þátt (64%). Nánar upplýsingar um framkvæmd könnunarinnar er að finna í heildarskýrslu Félagsvísindastofnunar frá mars 2017.

1. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með núverandi skiptingu Háskóla Íslands í fræðasvið? Gildi: Mjög ánægður(ur), frekar ánægður(ur), hvorki ánægður(ur) né óánægð(ur), frekar óánægð(ur), mjög óánægð(ur), á ekki við – nýtti  ekki tiltekna þjónustu, vil ekki svara)
2. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með núverandi deildaskiptingu á því fræðasviði sem þú tilheyrir? Gildi: Sjá spurningu 1.
3. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með skipulag þeirrar deildar sem þú tilheyrir? Gildi: Sjá spurningu 1.
4. Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með möguleika þína á að hafa áhrif á þær ákvarðanir sem teknar eru innan deildarinnar sem þú tilheyrir?  Gildi: Sjá spurningu 1.

*Viðbótarspurningar við starfsumhverfiskönnun lögð fyrir haustið 2016: Viðhorfakönnun meðal akademískra starfsmanna um þjónustu og samstarf við stjórnsýslu*

Horft var til viðfangsefna í könnunum á innri þjónustu. Með innri þjónustu er átt við aðstoð eða þjónustu við aðrar starfseiningar innan sama fyrirtækis eða stofnunar. Kannanir af þessu tagi geta eins og nafnið gefur til kynna verið frábrugðnar hefðbundnum þjónustukönnunum þó svo að markmið sé það sama, þ.e.a.s. að kanna viðhorf til þjónustuþátta. Munurinn getur falist í eftirfarandi. Í  þjónustukönnunum er algengast að beina spurningum eingöngu að viðskiptavinum, þeim sem eru í hefðbundnu viðskiptasambandi við stofnunina eða fyrirtækið. Í innri þjónustukönnunum beinast spurningar í meira mæli að samskiptum sem byggja á samvinnu og samstarfi. Þannig getur innri þjónusta falist í starfi stoðeininga sem er ætlað að aðstoða eða vinna með öðrum einingum að sameiginlegri úrlausn. Í spurningalistum getur því verið réttara að tala um aðstoð eða samstarf fremur en þjónustu.

1. Hversu oft hefur þú leitað til skrifstofu þess sviðs sem þú tilheyrir (meðtalin skrifstofa deildar) á þessu ári (vormisseri og haustmisseri 2016): (Gildi: Aldrei, einu sinni, tvisvar til fjórum sinnum, fimm sinnum eða oftar, veit ekki/á ekki við, vil ekki svara) vegna:
    a. Kennsluskrár, undirbúnings og framkvæmdar.
    b. Kennslumála annarra en kennsluskrár, svo sem vegna aðstoðar og utanumhalds um nám doktorsnema, upplýsinga vegna reglna um doktorsnám.
    c. Rannsóknarstarfs svo sem aðstoðar vegna umsóknarskrifa og upplýsingagjafar um styrki.
    d. Fjármála svo sem utanumhald og rekstur rannsóknarreikninga og styrkja, upplýsingagjöf um stöðu styrkja.
    e. Mannauðsmála svo samskiptamála, leiðbeininga um starfsmannatengd málefni.
    f. Kynningarmála svo sem undirbúnings opinberra fyrirlestra og málastofa, miðlun frétta.
    g. Stoðþjónustu svo sem ljósritunar og skönnunar.

h. Annarra verkefna, hverra _____.

Skilyrt fyrir hvern lið í sp. 1: Varst þú ánægð(ur) með þjónustuna eða samstarfið þegar á heildina er litið? (Gildi: Mjög ánægður(ur), frekar ánægður(ur), hvorki ánægður(ur) né óánægð(ur), frekar óánægð(ur), mjög óánægð(ur), á ekki við – nýtti ekki tiltekna þjónustu, vil ekki svara)

2. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðstoð eða þjónustu FRÆÐASVIÐSINS sem þú tilheyrir? [Heildarmat] Gildi: Mjög ánægður(ur), frekar ánægður(ur), hvorki ánægður(ur) né óánægð(ur), frekar óánægð(ur), mjög óánægð(ur), á ekki við, vil ekki svara.
3. Þegar á heildina er litið hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ert þú með aðstoð eða þjónustu skrifstofu þeirrar DEILDAR sem þú tilheyrir? Gildi: Sjá spurningu 2.
4. Hversu oft hefur þú leitað til eftirtalinna stjórnunareininga á þessu háskólaári (vormisseri og haustmisseri 2016): (Kvarði: Aldrei, einu sinni, tvisvar til fjórum sinnum, fimm sinnum eða oftar, veit ekki/á ekki við, vil ekki svara)
   i. Vísinda- og nýsköpunarsviðs
   j. Kennslusviðs – skrifstofu
   k. Þjónustuborðs HÍ
   l. Starfs- og námsráðgjafar
   m. Nemendaskrár
   n. Miðstöðvar framhaldsnáms
   o. Skrifstofu alþjóðamála
   p. Fjármálasviðs
   q. Framkvæmda- og tæknisviðs
   r. Markaðs- og samskiptasviðs
   s. Starfsmannasviðs
   t. Reiknistofnunar
   u. Skrifstofu rektors

   Skilyrt fyrir hvern lið: Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) varst þú með þjónustuna eða samstarfið við eininguna þegar á heildina er litið? (Gildi: Sjá spurningu 2).
5. Að þínu áliti, hvernig getur háskólinn bætt stjórnsýslu sína? Ef þú vilt nefna fleiri en eitt atriði, vinsamlega nefndu fyrst það atriði sem þú telur mikilvægast.

**Spurningar lagðar fyrir rekstrarstjóra fræðasviða (verkefnisstjóra VoN) vorið 2017**

Spurningalisti var sendur í tölvupósti og svör bárust með sama hætti.

*Vinsamlega miðið upplýsingar við stöðu í mars/apríl 2017 ef unnt er*

1. *Hver er heildarfjöldi starfsmanna og starfsígildi á skrifstofu sviðsins? Hver er fjöldi og starfsígildi akademískra starfsmanna (með aðjúnktum I og 2, fyrir utan stundakennara og starfsmenn stofnana)?*

2. *Hvert er í meginatriðum skipulag skrifstofu fræðasviðsins?*

   Dæmi:

   - Forseti sviðs er næsti yfirmaður allra starfsmanna fræðasviðs
   - Utan forseta fræðasviðs er rekstrarstjóri næsti yfirmaður allra starfsmanna fræðasviðs

- Utan forseta fræðasviðs er rekstrarstjóri næsti yfirmaður stjórnenda málaflokka (svo sem fjármálastjóra, kennslustjóra, mannauðsstjóra) og deildarstjóra, deildarstjórar eru yfirmenn verkefnisstjóra deilda

3. *Hvert er skipulag stjórnsýslu deilda?*

Dæmi:

- Sérstakar deildarskrifstofur eru starfandi aðskildar frá skrifstofu fræðasviðs, deildarstjóri stýrir starfseiningu auk verkefnisstjóra sem eru undirmenn hans. Starfsmenn eru ráðnir til að starfa á tiltekinni deild
- Deildarskrifstofur eru aðskildar í skipulagi, er stýrt af deildarstjóra en eru í sameiginlegu skrifstofuhúsnæði. Verkefnisstjórar eru ekki ráðnir til sérstakrar deildar
- Verkefnisstjóri(ar) sem starfa á skrifstofu fræðasviðs hafa umsjón með stjórnsýslu einstakra deilda, verkefnisstjórar eru ekki ráðnir til sérstakrar deildar

4. *Hvernig er háttað aðstoð við nemendur vegna kennsluskrár, námsframvindu o.s.frv. (fyrir utan þá sem akademískir starfsmenn veita)*

Dæmi:

- Aðstoð er veitt á sérstökum deildarskrifstofum í sérstöku skrifstofurými
- Aðstoð er veitt af verkefnisstjórum í sameiginlegu húsnæði skrifstofu sviðs
- Aðstoð er veitt á sérstakri þjónustuskrifstofu deilda

5. *Hvaða starfsfólk á skrifstofu fræðasviðs (eða deildar) sinnir daglegri starfsemi deilda (brotið niður á námsbrautir, greinar ef við á)?*

| Deild | Starfsheiti | Fjöldi | Starfsígildi* |
|---|---|---|---|
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |
| | | | |

*Getur byggst á huglægu mati

6. *Hverjir sinna eftirfarandi málaflokkum? (fyrir utan forseta fræðasviðs og rekstrarstjóra)*

| | Málaflokkur | Starfsheiti | Fjöldi | Starfsígildi* |
|---|---|---|---|---|
| a | Fjármál og rekstur, þ. á m. hafa umsjón og yfirsýn með fjármálum sviðsins, deilda og stofnana, umsjón með gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni með þeim | | | |
| b | Mannauðsmál svo ráðgjöf og aðstoð vegna samskiptamála, leiðbeininga um starfsmannatengd málefni | | | |
| c | Ráðgjöf og aðstoð við rannsóknir kennara (svo sem upplýsingamiðlun um styrki, aðstoð vegna umsóknarskrifa) | | | |
| d | Kennslumála (utan þeirra sem sinnt er innan deildar) svo sem vegna aðstoðar og utanumhalds um nám doktorsnema, upplýsinga vegna reglna um doktorsnám o.fl. | | | |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| e | Kynningarmál svo sem undirbúningur opinberra fyrirlestra og málstofa, miðlun frétta | | | |
| f | Þjónusta við kennara (sem ekki fellur undir aðra starfsmenn, oft nefnd stoðþjónusta) svo sem ljósritun og skönnun, móttaka ritgerða fyrir kennara o.fl. | | | |
| g | Alþjóðamál (svo sem vinna við komu erlendra kennara og nemenda, samskipti við skrifstofu alþjóðasamskipta) | | | |
| h | Aðrir málaflokkar? | | | |

*Getur byggst á huglægu mati

7. *Hvaða formlegu og reglubundnu samstarfsfundir eru haldnir innan skrifstofu fræðasviða? Hver oft eru fundir haldnir?*

8. *Hverjir af starfsliði skrifstofu (starfsheiti) vinna með fastanefndum fræðasviðs? Er unnt að meta umfang þessarar vinnu?*

9. *Hvernig er háttað tengslum fræðasviðs við stofnanir þess? Eru stofnanir rekstrarlega sjálfstæðar? Sér fræðasviðið um rekstraráætlanir og eftirlit með þeim?*

10. *Hvaða ný störf hafa orðið til á skrifstofu sviðs frá stofnun þess 2008? Hver eru starfsígildi þeirra?*

**Spurningar til forseta fræðasviða vegna úttektar á stjórnun og skipulagi Háskólans**

Spurningalisti lagður fyrir í maí 2017.

*Starfsmannamál*

1. Hafa starfsmannasamtöl farið fram innan sviðsins á sl. tveimur árum? Hafa allar starfsmenn tekið þátt eða hluti starfshópsins? (t.d. starfsmenn á skrifstofu, deildarforsetar)? Ef starfsmannasamtöl hafa farið fram, hver ræðir við:
    a. Deildarforseta
    b. Námsbrautarstjóra
    c. Greinarformenn (ef við á)
    d. Aðra akademíska starfsmenn
    e. Deildarstjóra
    f. Verkefnisstjóra
    g. Stjórnendur málaflokka (svo sem fjármálastjóra, mannauðsstjóra, rannsóknarstjóra, kynningarstjóra)?
2. Hversu mikið eða lítið leita akademískir starfsmenn (aðrir en deildarforsetar) beint til sviðsforseta (með viðtali eða tölvupósti) og hvert er þá algengasta tilefnið? Hvað með starfsmenn skrifstofu sviðs (aðrir en stjórnendur)? (hægt að nota kvarðann að jafnaði „Sjaldnar en vikulega“, „vikulega“, „á 2-3 daga fresti“, „daglega“, „nokkrum sinnum á dag“)
3. Hver tekur ákvörðun um ráðningu stundakennara? Hvernig er ákvörðunarferlið?
4. Hver tekur ákvarðanir um kennsluafslátt deildarforseta, námsbrautarstjóra, greinarformanna annars vegar og hins vegar annarra akademískra starfsmanna sem sinna stjórnunarverkefnum innan deildar (svo sem setu í fastanefndum deildar)? Á hvaða forsendum byggir ákvörðunin?
5. Hvernig er greitt fyrir setu í fastanefndum fræðasviða (svo sem vísindanefnd, kennslumálanefnd og jafnréttisnefnd)?

*Sviðsstjórn og samráð*

6. Hve oft kemur stjórn sviðsins saman? Hver eru fyrirverðarmestu liðirnir á dagskránni (ákvarðanataka, upplýsingamiðlun/kynningarmál, mál til umræðu sem forseti leggur fram)?
7. Er dæmi um að atkvæðagreiðsla hafi fram í sviðsstjórn þann tíma sem þú hefur starfað sem forseti sviðs? Ef svo er, af hvaða tilefni?
8. Er málum fræðasviðs vísað til deildarfunda til umsagnar, ef svo er hvaða málum? Hve oft á að giska hefur það gerst á yfirstandandi háskólaári? Hvaða málum er vísað til umsagnar fastanefnda sviðsins? Hve oft hefur það gerst á yfirstandandi háskólaári?

*Starfsemi deilda*

9. Hvaða hlutverki gegna deildarforsetar og (ef við á) formenn námsbrauta við fjármálastjórnun deildar/námsbrautar?
10. Hvaða hlutverki gegna deildarstjórar og verkefnisstjórar námsbrautar við fjármálastjórnun deildar/námsbrautar?
11. Hvaða hlutverki gegna deildarfundir og fundir námsbrauta við fjármálastjórnun deildar/námsbrautar?
12. Hefur fræðasviðið skilgreint hvaða verkefni falla undir stjórnunarskyldu akademískra starfsmanna (12% vinnuskyldan) og ef svo er, hver eru þau verkefni?

**Viðtalsvísir/spurningar til rýnihópa innan skrifstofa fræðasviða**

1. Að þínu áliti, hverjir eru kostir og ókostir við núverandi skiptingu Háskóla Íslands í fræðasvið?
2. Að þínu áliti, hverjir eru kostir og ókostir við núverandi deildaskiptingu á því fræðasviði sem þú tilheyrir?
3. Að þínu áliti, hvernig má bæta skipulag á skrifstofu fræðasviðsins/deildar sem þú starfar á?
4. Að þínu áliti, hvernig má bæta samstarf milli miðlægrar stjórnsýslu og stjórnsýslu fræðasviða?
5. Að þínu áliti, hvernig getur háskólinn almennt bætt stjórnsýslu sína?

**Fjöldi fræðasviða og deilda valinna háskóla á öðrum Norðurlöndum**

| | | Nafn háskóla | Fjöldi fræða-sviða | Fjöldi deilda | Ársverk starfs-fólks | Ársverk akadem-ískra starfs-manna | Ársverk stúdenta | Ársverk akadem. starfsm. /fræðasvið | Ársverk akadem. starfsm. /deild |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Danmörk | 1 | Københavns universitet | 6 | 36 | 9.763 | 5.644 | 29.038 | 941 | 157 |
| | 2 | Århus universitet | 4 | 28 | 7.854 | 4.354 | 26.867 | 1.089 | 156 |
| | 3 | Syddansk universitet | 5 | 26 | 3.772 | 2.240 | 17.141 | 448 | 86 |
| | 4 | Roskilde universitet | - | 4 | 934 | 568 | 5.697 | - | 142 |
| | 5 | Ålborg universitet | 5 | 19 | 3.351 | 2.012 | 16.528 | 402 | 106 |
| Noregur | 6 | Univ i Agder | 6 | 22 | 1.086 | 679 | 8.546 | 113 | 31 |
| | 7 | Univ i Bergen | 7 | 32 | 3.683 | 2.232 | 11.173 | 319 | 70 |
| | 8 | Nord universitet | 5 | - | 1.210 | 756 | 7.695 | 151 | - |
| | 9 | Univ i Oslo | 8 | 33 | 6.609 | 3.774 | 17.795 | 472 | 114 |
| | 10 | Univ i Stavanger | 6 | 16 | 1.372 | 892 | 7.546 | 149 | 56 |
| | 11 | Univ i Tromsö/UiT The Arctic University | 6 | 34 | 3.444 | 2.099 | 10.977 | 350 | 62 |
| Svíþjóð | 12 | Uppsala universitet | 9 | 49 | 6.251 | 4.356 | 24.491 | 484 | 89 |
| | 13 | Lunds universitet | 8 | 60 | 6.880 | 4.367 | 27.656 | 546 | 73 |
| | 14 | Göteborgs universitet | 8 | 39 | 5.480 | 3.459 | 24.441 | 432 | 89 |
| | 15 | Stockholms universitet | 4 | 48 | 4.893 | 3.415 | 28.887 | 854 | 71 |
| | 16 | Umeå universitet | 4 | 39 | 3.672 | 2.414 | 16.043 | 604 | 62 |
| | 17 | Linköpings universitet | 4 | 14 | 3.330 | 2.183 | 17.535 | 546 | 156 |
| | 18 | Karlstads universitet | 2 | 12 | 1.075 | 714 | 8.184 | 357 | 60 |
| | 19 | Linnéunuiversitet-Växjö universitet | 5 | 33 | 1.751 | 1.128 | 13.752 | 226 | 34 |
| | 20 | Örebro universitet | 3 | 8 | 1.110 | 711 | 8.684 | 237 | 89 |
| | 21 | Mittuniversitetet | 2 | 16 | 879 | 588 | 6.719 | 294 | 37 |
| Finnland | 22 | Aalto University/Aalto-yliopisto | 6 | 26 | 4.066 | 2.489 | 12.422 | 415 | 96 |
| | 23 | University of Helsinki/Helsingin yliopisto | 11 | - | 7.116 | 4.154 | 23.476 | 378 | - |
| | 24 | University of Eastern Finland/Itä-Suome | 4 | 23 | 2.282 | 1.433 | 11.958 | 358 | 62 |
| | 25 | University of Jyväskylä/Jyväskylän yliopi | 6 | 13 | 2.319 | 1.463 | 10.478 | 244 | 113 |
| | 26 | University of Lapland/Lapin yliopisto | 4 | - | 545 | 305 | 3.313 | 76 | - |
| | 27 | University of Oulu/Oulun yliopisto | 8 | - | 2.535 | 1.640 | 10.284 | 205 | - |
| | 28 | University of Tampere/Tampereen yliop | 6 | - | 1.887 | 1.105 | 10.191 | 184 | - |
| | 29 | University of Turku/Turun yliopisto | 7 | - | 3.006 | 1.782 | 13.010 | 255 | - |
| | 30 | University of Vaasa/Vaasan yliopisto | 4 | - | 463 | 283 | 3.831 | 71 | - |
| | 31 | Åbo Akademi University/Åbo Akademi | 4 | - | 1.045 | 605 | 4.201 | 151 | - |
| | | Meðaltal | 5,6 | 27,4 | 3.344 | 2.060 | 14.147 | 378 | 87,3 |
| | | Miðgildi | 5,5 | 26,0 | 3.006 | 1.782 | 11.958 | 353 | 86,2 |

Skv. samantekt á fjölda fræðasviða (d. fakultet, e. faculty) og deilda (d. institut, e. department) meðal 31 háskóla annars staðar á Norðurlöndum sem bjóða upp á kennslu á helstu fræðasviðum. Byggt er á upplýsingum á vef skólanna. Gögnum var safnað fyrri hluta árs 2017. Upplýsingar um ársverk eru úr gagnasafni Framkvæmda- og tæknisviðs 2017. Þar sem merkt er "-" vantar upplýsingar eða óvíst hvort slíka einingu er að finna.

**Fjöldi námsleiða meðal valinna háskóla á öðrum Norðurlöndum**

| | | THE röðun | Fjöldi námsleiða | Fjöldi skráðra stúdenta | Ársverk stúdenta | Fjöldi stúdenta að baki námsleið |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Uppsala háskóli | 87 | 100 | 29.160 | 24.491 | 245 |
| 2 | Háskólinn í Lundi | 98 | 302 | 29.831 | 27.656 | 92 |
| 3 | Háskólinn í Helsinki | 99 | 123 | 33.649 | 23.476 | 191 |
| 4 | Háskólinn í Kaupmannahöfn | 116 | 200 | 38.615 | 29.038 | 145 |
| 5 | Háskólinn í Osló | 121 | 229 | 28.027 | 17.795 | 78 |
| 6 | Háskólinn í Árósum | 123 | 200 | 34.497 | 26.867 | 134 |
| 7 | Háskólinn í Stokkhólmi | 153 | 190 | 34.529 | 28.887 | 152 |
| 8 | Háskólinn í Bergen | 197 | 209 | 16.555 | 11.173 | 53 |
| 9 | Háskólinn í Gautaborg | 201-250 | 190 | 34.529 | 24.441 | 129 |
| 10 | Háskólinn í Tampere | 201–250 | 74 | 14.562 | 10.191 | 138 |
| | Meðaltal | | 182 | 29.395 | 22.401 | 136 |
| | Miðgildi | | 195 | 31.740 | 24.466 | 136 |

Valdir voru háskólar á Norðurlöndum sem efstir voru á Times Higher Education World University Rankings 2016 (THE) og buðu upp á nám á öllum fræðasviðum. Upplýsingum var safnað fyrri hluta árs 2017. Í öllum nema einu tilviki er byggt á vef þessara háskóla (Háskólinn í Helsinki, upplýsingar fengnar eftir beiðni). Taka verður þessum samanburði með fyrirvara þar sem hugsanlegt er að skilgreiningar á námsleiðum séu mismunandi.